

Alþingi  
Erindi nr. P 139/859  
komudagur 9.12.2010

9.12.2010

Heilbrigðisnefnd

190. mál

Lyfjastofnun vill koma eftirfarandi á framfæri vegna frumvarps til laga um sameiningu landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar

Að mati Lyfjastofnunar er það til bóta að sameina krafta landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að umsýsla málaflokksins lækningatæki verði flutt til Lyfjastofnunar. Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að málaflokknum fylgi um 5 millj. kr. fjárveiting. Lyfjastofnun bendir á að þessi málaflokkur er yfirgripsmikill. Ljóst má vera að nefnd fjárveitingu dugar ekki til að sinna honum sem skildi þar sem fjárveitingin leyfir ekki ráðningu starfsmanns í fullt starf. Þá skal bent á að flutningi málaflokksins til annarrar stofnunar fylgir kostnaður við tölvukerfi og gagnagrunna sem ekki er gert ráð fyrir í frumvarpinu.

Rannveig Gunnarsdóttir